

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnus töðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32g (tilskipun ráðsins 2003/72/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32h. **32003 L 0088**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma (Stjtíð. ESB L 299, 18.11.2003, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/88/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 299, 18.11.2003, bls. 9.

(*) StjómSKIPULEG skilyrði gefin til kynna.

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann